

# Héraðsdómur Norðurlands vestra

Dómur 25. febrúar 2026

Mál nr. S-76/2025:

## Héraðssaksóknari

(Áslaug Benediktsdóttir saksóknarfulltrúi)

gegn

X

(Stefán Þórarinn Ólafsson lögmaður)

## Dómur

### Málsmeðferð og dómkröfur aðila

1. Málið var höfðað með ákæru héraðssaksóknara, dagsettri 11. september 2025, á hendur X, kt.[...], til heimilis að [...].

2. Í ákæru segir að málið sé höfðað gegn ákærða fyrir eftirfarandi brot:

„fyrir kynferðislega áreitni og húsbrot með því að hafa, miðvikudaginn 19. mars 2025, farið í heimildarleysi inn á heimili Y, kt. [...], að [...], haldið utan um hana, sagst vilja kyssa hana og reynt að kyssa hana þrátt fyrir að hún hefði útrekað beðið hann um að hætta og yfirgefa heimili sitt.

Telst þetta varða við 199. gr. og 231. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Þess er krafist að ákærði verði dæmdur til refsingar og greiðslu alls sakarkostnaðar.“

3. Ákærði neitar sök og krefst sýknu af kröfum ákæruvaldsins en til vara að honum verði ákvörðuð vægasta refsing sem lög leyfa. Þá krefst hann þess að málsvarnarlaun verjanda hans verði greidd úr ríkissjóði.

### Helstu málsatvik

Gögn um rannsókn málsins

4. Í lögregluskýrslu, dags. 19. mars 2025, kemur fram að tilkynning hafi borist um ölvaðan einstakling sem neitaði að yfirgefa umrædda íbúð. Lögregla hafi farið á staðinn og hitt þar utandyra tvo starfsmenn A, B, deildarstjóra hjá A og D, forstöðumann A. Hún hafi sagt að ákærði væri inni í íbúð Y, skjólstæðings þjónustunnar. Hann væri sjáanlega ölvaður og ógnandi gagnvart Y og F, starfsmanni stoðþjónustunnar, en að þær hafi

komist út og verið í bifreið fyrir utan. Þegar inn í íbúðina var komið hafi ákærði setið í stól inni í stofu. Lögregla hafi rætt við hann og reynt að koma honum í skilning um að hann væri ekki velkominn á heimilinu en hann hafi virst meðtaka takmarkað af því sem við hann var sagt. Hann hafi verið óstöðugur, samhengislaus í tali og áfengislykt borist úr vitum hans. Eftir ítrekaðar tilraunir til að fá ákærða til að yfirgefa húsið sjálfviljugur hafi honum verið tjáð að annaðhvort færi hann sjálfur eða lögregla þyrfti að fjarlægja hann. Þá hafi hann sagst ætla að „taka á“ lögreglumönnum ef þeir myndu snerta hann. Ákærði hafi þá verið tekinn lögreglutökum og settur í handjárn. Rætt hafi verið við D og F. F hafi sagt að ákærði hefði komið heim til Y óboðinn. Þær hafi báðar reynt að biðja hann um að fara út af heimilinu en ákærði ekki orðið við því. F hafi sagt að ákærði hafi í kjölfarið reynt að kyssa bæði sig og F en þær náð að ýta honum frá og komist út.

5. Lögregla tók einnig skýrslu 19. mars 2025 af E, [...] hjá A. Fram kom að Y væri í dagþjónustu hjá félagsþjónustunni en hún væri fötluð kona. Í skýrslunni greindi E frá því að hafa fengið símtal frá starfsmanni (F) sem hefði verið að aðstoða Y heima þegar ákærði hafi komið óboðinn inn til þeirra og átt að hafa ógnað þeim, F og Y. Sagðist E hafa farið að heimili Y og hjálpað til við að vinna úr stöðunni. E sagði aðspurð að Y byggi í félagslegu leiguhúsnæði á vegum A og hefði gert það í mörg ár. Hún væri metin með stuðningsþörf, væri ekki í þjónustu allan sólarhringinn en væri með hana yfir daginn. Y væri með [...] og hefði talsvert mikla þörf fyrir stuðning. E sagðist hafa fengið upplýsingar um að F hefði verið að aðstoða Y inni á heimilinu eins og hún hefði oft gert. Svo hefði ákærði, [...], komið inn í húsið. Hann hefði verið beðinn um að fara út sem hann hefði ekki gert og hann hefði nálgast þær báðar og reynt að kyssa þær. Þær hefði beðið hann um að fara út en hann ekki sinnt því. Þær hefðu þá komist út og hringt í D og látið hana vita. Þær hafi að sögn ítrekað sagt ákærða að fara út.
6. Y (brotapoli) gaf skýrslu hjá lögreglu 20. mars 2025. Þar sagði hún ákærða hafa komið til hennar daginn áður með bjór og hún hafi drukkið einn bjór. Y kvaðst hafa verið ein heima. Ákærði hafi neitað að fara út þegar hún bað hann um það. Hún hafi þá farið út þar sem hún hafi ekki þorað að vera inni með honum þar sem hann hafi verið að reyna að kyssa hana og verið með vesen. Hún hafi ýtt honum frá sér. Ákærði hafi tekið utan um hana og kysst hana á kinnina. Hún hafi ekki viljað það, hafi ýtt honum frá sér og sagt við hann að hún vildi ekkert með þetta kossaf lens en hann hafi ekki viljað hætta. Hann hafi neitað að fara út og sest í stól inni. Y sagði svo að F hefði verið inni hjá henni að þrifa en hefði farið út og hringt í D til að biðja um hjálp. Sagðist Y hafa heyrt F reyna að

fá ákærða út. Aðspurð sagði Y að það væri ekkert samband milli þeirra, þau væru bara nágrannar.

7. Í skýrslunni greindi Y frá því að ákærði hefði bankað, hún hafi opnað og hann gengið inn og sest í stól inni. Hún hafi sagt við hann að hann yrði að fara út þar sem F hafi verið að þrifa og hann neitað því en hann hafi verið mjög drukkinn. Hann hafi beðið F að fara út vegna þess að hann ætlaði að tala við Y. Y sagði að hann hefði náð að kyssa sig á kinnina, hafði haldið um axlirnar á henni og hefði kysst hana. Hann hafi reynt að kyssa F en hún sagst ekki hafa séð hvernig það var framkvæmt. Hann hafi verið með tilburði og verið ógnandi.
8. F gaf einnig skýrslu hjá lögreglu 20. mars 2025. Þar sagðist hún hafa verið að þrifa hjá Y og verið næstum því búin að þrifa og Y hafi verið úti að reykja. Síðan hafi bjallan hringt og F farið til dyra. Hún hafi strax séð að ákærði var drukkinn. Hann hafi viljað komast inn en hún meinað honum það. Y hafi komið og farið fram fyrir F og skipað ákærða að fara út. Ákærði hafi sagt eitthvað sem hafi farið fyrir brjóstið á Y, sem hafi sagt að hann mætti ekki segja þetta við F en hún væri vinkona hennar og væri að þrifa hjá henni og hann yrði að fara í burtu. Y hefði verið alveg skýr en hann ekki farið eftir því. Síðan hafi hann tekið utan um hana og reynt að kyssa hana en hún reynt að verjast. Sagðist F hafa staðið fyrir dyrunum þannig að hann komst ekki inn en Y hafi verið komin út í horn og verið að verjast honum. Síðan hafi ákærði sagst vilja kyssa F en hún sagst ekki vilja það. Svo sagðist F hafa farið út og hringt í D og B hjá A til að fá aðstoð. D hafi komið stuttu síðar. F sagðist hafa opnað dyrnar aftur inn í íbúðina og heyrt manninn segja við Y að hann vildi kyssa hana, hann elskaði hana. F sagði að hún og Y hefðu ítrekað beðið ákærða að fara út en hann neitað því.
9. Ákærði gaf sömuleiðis skýrslu hjá lögreglu 20. mars 2025. Þar kvaðst hann ekkert muna eftir því sem hefði átt sér stað kvöldið áður. Hann kvaðst ekki muna eftir því að hafa reynt að kyssa Y eða F. Hann sagði ástæðu þess að hann myndi ekkert eftir þessu vera þá að hann hafi verið búinn að drekka svo mikið áfengi. Aðspurður kvaðst hann ekkert muna eftir því hvers vegna hann fór ekki út úr húsinu þegar Y og F báðu hann um það. Hann kvaðst ekki heldur muna eftir því að lögreglan hefði skipað honum að fara út úr húsinu. Hann sagðist aðspurður stundum hitta Y og að þau hefðu fengið sér bjór saman en það væri ekkert samband milli þeirra. Hann hafi ekki áður farið heim til Y í þessu ástandi. Aðspurður sagði hann að það væri ekki í lagi að fara inn til fólks og neita að fara út þegar fólkið biður um það. Í skýrslunni er haft eftir verjanda ákærða að ákærði hafi

sagt við hann að hann myndi ekkert eftir þessu en að hann vildi biðjast afsökunar á framkomu sinni gagnvart lögreglu og öðrum kvöldið áður.

*Skýrslur fyrir dómnum*

Skýrsla ákærða

10. Í skýrslu sinni fyrir dómnum kvaðst ákærði muna að hann hefði bankað á dyrnar heima hjá Y í umrætt sinn og að honum hefði verið hleypt inn en að hann myndi ekki meira, þar sem hann hafi verið búinn að drekka mikið. Aðspurður kvaðst hann minna að það hefði verið Y sem opnaði. Aðspurður um hvort hann myndi eitthvað frá því seinna um kvöldið kvaðst hann muna eftir því að hafa verið í lögreglubíl en ekki muna eftir að hafa verið heima hjá Y eða að hann hafi verið beðinn um að fara þaðan út. Hann kvað sig og Y vera góða vini og að hann hafi oft komið í heimsóknir til hennar en að samband þeirra sé ekki kynferðislegt. Hann sagði þau yfirleitt kyssast þegar þau kveðjist.

Skýrsla Y (brotaþola)

11. Y kvað atburðarásina hafa verið með þeim hætti að ákærði hafi verið hjá henni en hún hafi beðið hann um að fara þar sem heimaþjónustan væri að koma. Hann hafi verið frekar drukkinn. Þau hafi þrasað um þetta í smástund en hann hafi dottið í ganginum, ekki getað staðið upp sjálfur og hún ekki heldur getað reist hann við. Þá hafi verið hringt í félagsþjónustuna og lögreglu. Aðspurð um hvernig hún þekki ákærða kvað hún hann búa [...] í götunni. Hún kvað það ekki hafa gerst áður að hann hafi ekki viljað fara, en í þetta sinn hafi hann verið svo drukkinn að hann hafi líklega ekkert vitað hvað hann var að segja eða gera. Hún kvað hann hafa verið að reyna að taka utan um bæði hana og F og kyssa þær í ganginum áður en hann datt. Henni hafi fundist þetta mjög óþægilegt. Aðspurð um samband þeirra sagði hún að þau hittist stundum og spjalli en séu ekki vinir og ekki heldur óvinir. Samband þeirra hafi heldur aldrei verið kynferðislegt. Nánar aðspurð um að ákærði hafi ætlað að kyssa hana sagði hún hann hafa ætlað að kyssa hana á kinnina, líklega til að kyssa hana bless. Hún kvað þau aldrei kyssast bless þegar þau kveðjist og að þetta væri í eina skiptið sem hann hafi reynt að kyssa hana á kinnina. Aðspurð um hvort ákærði hafi haldið utan um hana kvað hún hann hafa haldið um hendurnar á henni og benti á upphandleggina. Aðspurð um hvort henni hafi fundist þetta vera eitthvað kynferðislegt þegar ákærði reyndi að kyssa hana sagði hún svo ekki vera en að henni hafi þó fundist þetta mjög óþægilegt og það hafi verið gegn hennar vilja. Hún kvaðst þó ekki hafa óttast hann. Aðspurð um hvort henni hafi fundist óþægilegt að hitta ákærða eftir þetta kvað hún svo ekki hafa verið, eftir að hann var búinn að biðja hana

afsökunar. Aðspurð um framburð ákærða þess efnis að hún kyssi hann oft á kinnina þegar þau kveðjist kvaðst hún halda að hún hefði einu sinni kysst hann á kinnina þegar hún hafi farið frá honum. Ekki hafi almennt verið um slíka vinakveðju að ræða hjá þeim.

12. Aðspurð um hvort ákærði hafi ætlað að fara eftir að hún bað hann um það sagði hún svo hafa verið, „eftir smá þrögl“. Hún hafi skilið þetta svo að hann ætlaði að kyssa hana bless á kinnina og svo fara út að hennar beiðni en þá hafi hann dottið í ganginum og teppt leiðina út. Hún hafi þá farið út um svaladyrnar og beðið úti í bíl.

#### Skýrsla F

13. F kvaðst starfa fyrir A í notendastýrðri persónulegri aðstoð (NPA) og heimaþjónustu. Hún hafi verið að þrifa heima hjá Y í umrætt sinn þegar dyrabjöllunni hafi verið hringt. Hún (F) hafi opnað dyrnar og séð þar ákærða sem hafi verið drukkinn og spenntur. Hún hafi sagt honum að hún þyrfti að ljúka við að þrifa og hann mætti ekki koma inn. Svo hafi hann farið að segja móðgangi hluti við hana og hann farið áfram og hún aftur á bak. Y hafi svo komið og reynt að tala hann til og róa hann niður. F hafi staðið þarna og ekki vitað hvað hún ætti að gera. Ákærði hafi faðmað Y og reynt að kyssa hana, ítrekað, sem hafi verið gegn hennar vilja. Síðan hafi hann snúið sér að F og sagst ætla að faðma og kyssa hana. Hún hafi þá sett hendurnar fram og krafði hann um að hætta og reynt að ýta honum frá. Hún hafi síðan hringt í D hjá félagsþjónustunni sem hafi sagst ætla að hringja í lögreglu.
14. Hún hafi ekki séð ákærða detta í forstofunni en þegar hún hafi komið aftur inn, eftir að hafa farið út, hafi hann setið inni í stofunni.

#### Skýrsla D

15. D, [...] stuðnings- og stoðþjónustu A, kvað hana og B hafa verið staddar á heimili annars þjónustunotanda þegar F hringdi og því hafi þær ekki svarað strax. B hafi síðar svarað. F hafi þá verið í miklu ójafnvægi og talað um að ákærði hafi komið inn á heimilið. D og B hafi hlaupið út og farið að heimili Y. Y og F hafi þá verið fyrir utan, báðar hræddar og í ójafnvægi. Þær hafi greint frá því að ákærði hafi verið inni á heimilinu, neitað að fara út og reynt að kyssa þær. F hafi verið að þrifa þar, hann bankað en hún neitað honum um að koma inn þar sem hún hafi þurft að klára að þrifa. Hann hafi samt vaðið inn og sest í stól inni í stofu. Hún kvað Y njóta þjónustu hjá A vegna [...] sem lýsi sér m.a. í því að [...]. Hún sé því almennt ekki fær um að muna eftir atvikum með nákvæmum hætti.

#### Skýrsla B

16. Í skýrslu B, [...] hjá stuðnings- og stoðþjónustu A, kom fram að hún og D hafi verið í innliti hjá skjólstaðingi þegar F hafi hringt í miklu uppnámi. Þær hafi drifið sig á staðinn og lögregla komið skömmu síðar. Y og F hafi verið fyrir utan þegar þær komu á staðinn. Þær hafi heyrt ákærða hrópa og kalla inni í húsinu. B kvað þær hafa greint henni frá atvikum á þá leið að ákærði hafi komið þarna inn, verið undir áhrifum og verið að áreita þær. Þær hafi beðið hann um að fara út en hann hafi neitað því og þær orðið hræddar. Hún kvað Y vera með [...] og [...]. Aðspurð kvað B Y eiga erfitt með að muna það sem hafi gerst daginn áður.

#### Skýrsla E

17. Í skýrslu E, [...] fatlaðs fólks hjá A, kom fram að Y falli undir þjónustuna á forsendum fötlunar og hafi verið þjónustuþegi síðan [...]. Hún greindi frá því að henni hefði verið tilkynnt um atvikið umræddan dag og farið á staðinn og hitt þar Y og starfsmenn A. F og Y hafi verið í mikilli geðshræringu og greint frá því að maður hafi komið óboðinn inn á heimilið og áreitt þær. Hann hafi verið ölvaður og veist að Y og viljað kyssa og faðma F. Vitnið kvað áhyggjur vera uppi af samskiptum ákærða og Y. Fötlun hennar sé þannig að hún sýni lítið frumkvæði, eigi erfitt með að verja sig og minni hennar sé skert. Það sé staða sem auðvelt sé að misnota.

#### Skýrsla lögreglumanns nr. [...]

18. Lögreglumaður nr. [...] greindi frá því að lögregla hafi komið á staðinn á tveimur bílum. Starfsmenn A hafi verið fyrir utan og greint lögreglu frá því að ákærði væri inni í húsinu. Þegar þangað var komið hafi hann verið inni í stofu. Lögregla hafi reynt að ræða við hann en það hafi gengið misvel vegna ölvunarástands hans. Hann hafi skilið illa það sem lögreglumennirnir sögðu. Þeir hafi reynt allt sem þeir gátu til að fá hann sjálfviljugan út sem ekki hafi gengið. Hann hafi því verið handtekinn.

#### Skýrsla lögreglumanns nr. [...]

19. Lögreglumaður nr. [...] greindi frá því að þegar lögregla kom á staðinn hafi ákærði setið á stól í stofunni. Hann hafi ekki farið út þrátt fyrir að vera beðinn um það. Lögregla hafi handtekið hann og fært í fangaklefa. Ákærði hafi augljóslega verið undir áhrifum áfengis. Áfengislykt hafi fundist af honum og hann hafi í tali farið úr einu í annað, samhengislaust. Hann hafi ekki beint verið æstur, þó að hann hafi ekki hlustað á neitt sem sagt var við hann, fyrr en rétt áður en hann var handtekinn þegar hann hafi sagst myndu „taka í“ lögreglumennina.

### **Helstu röksemdir ákærvaldsins**

20. Af hálfu ákærvaldsins er vísað til þess að ákærði hafi komið óboðinn í íbúðina og neitað að fara þaðan út þegar hann var beðinn um það. Þar hafi hann reynt að kyssa brotþola, sem hafi verið gegn hennar vilja. Ekki sé hægt að reiða sig á framburð brotþola í öllum atriðum þar sem hún glími við minnisskerðingu. Hún hafi þó verið stöðug í framburði sínum um mikilvæg atriði, þar sem hún hafi borið um það, bæði fyrir dómi og hjá lögreglu, að ákærði hafi verið mjög drukkinn inni á heimilinu, hún hafi beðið hann um að fara út en hann reynt að faðma hana og kyssa sem henni hafi þótt mjög óþægilegt. Málartilbúnaður ákærvaldsins fái stoð í framburði F sem sé mjög trúverðugur og í fullu samræmi við framburð hennar hjá lögreglu. Hann fái einnig stoð í framburðum B, D og E, sem allar hafi borið um uppnám fyrir utan húsið og geðshræringu hjá brotþola og F.
21. Það sé mat ákærvaldsins að ákærði hafi ekki staðfastlega neitað sök, enda hafi hann óskað eftir því hjá lögreglu að biðjast afsökunar, sem sýni að hann telji mögulega sjálfur að hann hafi gengið fram með þeim hætti sem í ákæru greinir. Þegar til alls framangreinds sé litið sé komin fram lögfull sönnun um sekt ákærða, sem sé hafin yfir skynsamlegan vafa. Þótt ákærði hafi verið undir áhrifum áfengis hafi ástand hans ekki verið slíkt að hann þurfi ekki að bera fulla ábyrgð á gerðum sínum.
22. Hvað varðar heimfærslu til refsíákvæða byggir ákærvaldið á því að hvers kyns snerting sem sé andstæð góðum siðum og samskiptaháttum geti talist refsiverð samkvæmt 199. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940. Það sé ekki skilyrði refsinnæmis samkvæmt ákvæðinu að ásetningur ákærða hafi staðið til þess að fá eitthvað kynferðislegt út úr snertingunni, heldur sé litið til þess hvort snertingin sé almennt séð þess eðlis að með henni sé farið inn fyrir kynferðisleg mörk. Brotþoli hafi lýst því að henni hafi liðið mjög óþægilega og reynt að ýta ákærða frá sér. Háttsemin hafi augljóslega verið í óþökk brotþola og andstæð góðum siðum og samskiptaháttum. Hvað meint húsbrot varðar vísar ákærvaldið til þess að hvort sem ákærði hafi í upphafi verið velkominn á heimilið hafi hann neitað að fara þegar hann var beðinn um það.

### **Helstu röksemdir ákærða**

23. Af hálfu ákærða er byggt á því að hvorki séu uppfyllt skilyrði refsinnæmis hvað varðar húsbrot né kynferðislega áreitni. Bæði ákærði og brotþoli hafi borið um að ákærði hafi hringt dyrabjöllunni og brotþoli hleypt ákærða inn. Þá hafi brotþoli borið um að ákærði hafi verið á leiðinni út en hafi dottið í forstofunni og ekki getað staðið upp.

24. Hvað meinta kynferðislega áreitni varðar er af hálfu ákærða vísað til þess að brotþoli hafi borið um að ákærði hafi ætlað að kyssa hana bless á kinnina en hún hafi ekki upplifað það sem kynferðislega háttsemi af hálfu ákærða. Þá hafi ákærði borið um að þau kveðjist oft með kossi. Það sé skilyrði refsinaemis samkvæmt 199. gr. almennra hegningarlaga að farið hafi verið yfir kynferðisleg mörk brotþola og að háttsemi sé kynferðislegs eðlis. Svo sé ekki í þessu tilviki. Þá verði að skýra allan vafa um þetta ákærða í hag.

### **Forsendur og niðurstöður**

25. Samkvæmt 2. mgr. 70. gr. stjórnarskrár Lýðveldisins Íslands, nr. 33/1944, skal hver sá sem borinn er sökum um refsiverða háttsemi talinn saklaus þar til sekt hans hefur verið sönnuð. Þá gildir samkvæmt 108. gr. laga nr. 88/2008 um meðferð sakamála að sönnunarbyrði um sekt ákærða og atvik, sem telja má honum í óhag, hvílir á ákæruvaldinu. Samkvæmt 109. gr. sömu laga metur dómari hverju sinni hvort nægileg sönnun, sem ekki verði vefngd með skynsamlegum rökum, sé fram komin um hvert það atriði sem varðar sekt og ákvörðun viðurlaga við broti.

26. Ákærða er gefin að sök kynferðisleg áreitni og húsbrot. Verknaði ákærða er lýst á þann veg í ákæru að hann hafi farið í heimildarleysi inn á heimili brotþola, haldið utan um hana, sagst vilja kyssa hana og reynt að kyssa hana þrátt fyrir að hún hefði ítrekað beðið hann um að hætta og yfirgefa heimili sitt.

27. Fyrst kemur til skoðunar hvort sannað sé að ákærði hafi gerst sekur um húsbrot, sbr. 231. gr. almennra hegningarlaga. Með ákvæðinu er m.a. lögð refsing við því að ryðjast heimildarlaust inn í hús eða synja að fara þaðan þegar skorað er á hann að gera það. Ákærði bar um það fyrir dómnum að hann myndi eftir að hafa bankað á dyr brotþola og að honum hafi verið hleypt inn, en sökum ölvunar umrætt kvöld myndi hann ekki meira frá kvöldinu fyrr en hann var kominn í lögreglubíl. Í skýrslu sinni hjá lögreglu kvaðst hann ekki heldur muna neitt eftir atburðum umrædds kvölds.

28. Brotþoli bar um það fyrir dómnum að ákærði hefði verið staddur hjá henni en hún hefði beðið hann um að fara þar sem heimaþjónustan væri að koma. Eftir nokkurt þras hafi hann dottið í ganginum, ekki getað staðið upp og hún ekki heldur getað reist hann við. Aðspurð kvaðst hún telja að hann hafi ætlað að fara eftir að hún bað hann um það en ekki hafi orðið af því þar sem hann datt. Framburður hennar fyrir lögreglu var að nokkru leyti á annan veg þar sem hún bar um að ákærði hefði neitað að fara út þegar hún bað hann um það. Hann hafi síðar sest í stól inni.

29. F, starfsmaður A, bar um það fyrir dómnum að hún hafi verið að þrifa heima hjá brotaþola í umrætt sinn og hún hefði opnað dyrnar þegar ákærði bankaði. Hún hafi sagt honum að hann mætti ekki koma inn, áður en brotaþoli kom og reyndi að tala hann til og róa hann. Síðan hafi ákærði faðmað brotaþola og reynt að og kyssa hana og síðan reynt að faðma og kyssa hana (F). Hún bar með sama hætti um þetta hjá lögreglu þar sem hún gat þess einnig að þær hefðu báðar ítrekað beðið ákærða um að fara út en hann hefði neitað því.
30. Tveir lögreglumenn sem fóru á vettvang í umrætt sinn báru báðir um að ákærði hafi verið staddur inni í stofu þegar þangað var komið. Báðir báru þeir um að reynt hafi verið að fá ákærða til að fara sjálfviljugan út en hann ekki orðið við því. Hann hafi því verið handtekinn og færður á brott.
31. Önnur vitni sem komu fyrir dómnum, þ.e. starfsmenn A, urðu ekki með beinum hætti vitni að þeim atvikum sem gerðust inni í íbúðinni en báru um frásagnir brotaþola og F af atvikum umrætt kvöld. Í skýrslum þeirra kom m.a. fram að brotaþoli og F hefðu verið í miklu uppnámi og greint frá því að ákærði hefði komið óboðinn inn á heimilið og áreitt þær. D kvað þær hafa sagt frá því að ákærði hefði neitað að fara út. B bar um að hafa heyrt ákærða hrópa og kalla inni í húsinu.
32. Að mati dómsins er framburður F, sem var stödd inni í íbúðinni þegar umrædd atvik gerðust, mjög trúverðugur. Hið sama á við um framburði þriggja annarra starfsmanna A sem báru um það hvernig brotaþoli og F hefðu greint frá atvikum sama dag og þau áttu sér stað. Enn fremur er engin ástæða til að draga í efa framburði lögreglumannanna þess efnis að ákærði hafi ekki fengist til að fara sjálfviljugur út úr íbúðinni og því hafi þurft að handtaka hann og færa hann á brott þaðan. Framburður brotaþola fyrir dómnum, þess efnis að ákærði hafi ætlað að fara út úr íbúðinni eftir að hún bað hann um það, er á skjön við aðra framburði að þessu leyti. Hafi ákærði dottið í ganginum á leiðinni út er a.m.k. ljóst að eftir þann tíma var hann inni í stofu íbúðarinnar, þegar lögregla kom á heimilið. Meta verður framburð brotaþola í ljósi þess sem fram hefur komið í málinu um að hún glími við [...] og minni hennar sé skert af þeim sökum.
33. Þegar framangreint er virt í heild er að mati dómsins hafið yfir skynsamlegan vafa að ákærði hafi synjað að fara út úr húsinu eftir að húsráðandi bað hann um það. Með því eru uppfyllt skilyrði refsíábyrgðar samkvæmt 231. gr. almennra hegningarlaga.
34. Næst kemur til skoðunar hvort sannað sé að ákærði hafi gerst sekur um kynferðislega áreitni í skilningi 199. gr. sömu laga. Þar kemur fram að kynferðisleg áreitni felist m.a. í

því að strjúka, þukla eða káfa á kynfærum eða brjóstum annars manns innan klæða sem utan og enn fremur í táknrænni hegðun eða orðbragði sem er mjög meiðandi, ítrekað eða til þess fallið að valda ótta. Greinin kom svohljóðandi inn í lögin með breytingum sem gerðar voru á þeim með lögum nr. 61/2007.

35. Í skýringum með því ákvæði laga nr. 61/2007 sem með þeim varð 199. gr. almennra hegningarlaga kemur fram að kynferðisleg áreitni sé háttsemi kynferðislegs eðlis, sem hvorki telst samræði né önnur kynferðismök. Hún felist í hvers konar snertingu á líkama annarrar manneskju sem er andstæð góðum siðum og samskiptaháttum. Í ljósi rannsókna á kynferðislegri áreitni við ýmsar aðstæður og íþyngjandi áhrifum hennar á þolendur sé gert ráð fyrir í frumvarpinu að neðri mörk hugtaksins kynferðisleg áreitni verði rýmkuð. Þannig verði hugtakið ekki afmarkað við líkamlega snertingu heldur geti einnig fallið undir það orðbragð og táknræn hegðun sem er mjög meiðandi, ítrekuð eða til þess fallin að valda ótta. Þá sé miðað við stöðugt áreiti sem nálgist einelti. Enn fremur er þess getið að einn af grundvallarþáttum kynferðislegrar áreitni sé að hún fari fram í óþökk þolanda.
36. Samkvæmt framangreindu getur margvísleg háttsemi talist til kynferðislegrar áreitni í skilningi ákvæðisins. Þegar litið er til orðalags þess, tilvitnaðra skýringa með ákvæðinu og dómaframkvæmdar verður þó að mati dómsins að telja að slík háttsemi eigi það sammerkt að vera á einhvern hátt kynferðislegs eðlis og að með henni sé farið yfir mörk þess sem fyrir áreitninni verður, enda hafi viðkomandi ekki samþykkt háttsemina. Ekki nægir að háttsemin sé á annan hátt óviðeigandi eða andstæð góðum siðum og samskiptaháttum, ef hún er ekki af kynferðislegum toga.
37. Ákærða er gefið að sök að hafa haldið utan um brotþola, sagst vilja kyssa hana og reynt að kyssa hana þrátt fyrir að hún hafi ítrekað beðið hann um að hætta og yfirgefa heimili sitt. Ákærði hefur sem fyrr segir borið um að hann muni ekki eftir umræddum atvikum en jafnframt greint frá því að hann og brotþoli séu góðir vinir, þau kyssist yfirleitt þegar þau kveðjist en samband þeirra sé ekki kynferðislegt. Brotþoli bar þannig um þessi atvik fyrir dómnum að ákærði hafi haldið um upphandleggi hennar og ætlað að kyssa hana á kinnina, líklega til að kyssa hana bless. Aðspurð sagði hún sér ekki hafa fundist þetta vera neitt kynferðislegt en þó fundist þetta mjög óþægilegt og að þetta hefði verið gegn hennar vilja. Þá kvaðst hún telja að hún hefði einu sinni kysst ákærða á kinnina þegar þau hafi kvaðst en almennt hafi ekki verið um slíka vinakveðju að ræða hjá þeim. Í skýrslu sinni hjá lögreglu sagði brotþoli ákærða hafa kysst hana á kinnina, sem hún hafi

ekki viljað. Hún hafi því ýtt honum frá sér og tjáð honum að hún vildi ekkert með þetta kossaf lens en hann hafi ekki viljað hætta.

38. F bar um það fyrir dómnum að ákærði hefði faðmað brotaþola og reynt að kyssa hana, ítrekað, sem hafi verið gegn hennar vilja. Hjá lögreglu bar hún um að ákærði hefði tekið utan um brotaþola og reynt að kyssa hana en hún reynt að verjast.
39. Af þessum framburðum verður ráðið að ákærði hafi ætlað sér að taka utan um og kyssa brotaþola á kinnina áður en hann færi á brott af heimili hennar og að það hafi verið gegn vilja brotaþola. Ekki er sjálfgefið að slík háttsemi sé af kynferðislegum toga, enda algengt að fólk sem þekkist vel kveðjist með þeim hætti án þess að það feli í sér nokkra kynferðislega skírskotun. Ekki er heldur sannað að svo hafi verið í því tilviki sem hér um ræðir og skýra verður vafa um það ákærða í hag, eins og um önnur þau atriði sem varða ætlað refsinaemi háttsemi hans. Því verður ekki fallist á að ákærði hafi gerst sekur um kynferðislega áreitni í umrætt sinn.
40. Að öllu framangreindu virtu verður ákærði sakfelldur fyrir húsbrot, sbr. 231. gr. almennra hegningarlaga, en ekki fallist á að hann hafi gerst sekur um kynferðislega áreitni í skilningi 199. gr. sömu laga.
41. Ákærði er fæddur árið [...]. Samkvæmt framlögðu sakarvottorði hlaut hann dóm fyrir umferðarlagabrot árið 2018 en hefur að öðru leyti ekki gerst brotlegur við refsilög. Þegar atvik eru virt heildstætt þykir refsing hans vera hæfilega ákveðin fangelsi í 30 daga en fresta skal fullnustu refsingar og fellur hún niður að liðnum tveimur árum frá uppkvaðningu dóms þessa haldi ákærði almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.
42. Með vísan til 1. mgr. 235. gr., sbr. 233. gr., laga nr. 88/2008 um meðferð sakamála ber að dæma ákærða til greiðslu sakarkostnaðar til ríkissjóðs. Til þess kostnaðar teljast málsvarnarlaun skipaðs verjanda ákærða, Stefáns Þórarins Ólafssonar lögmanns, 918.840 krónur að meðtöldum virðisaukaskatti og 28.800 krónur vegna aksturskostnaðar sama lögmanns. Annar sakarkostnaður nemur samkvæmt framlögðu yfirliti ákæruvaldsins 426.560 krónum. Í ljósi þess að ákærði er aðeins sakfelldur fyrir annað af þeim tveimur brotum sem honum eru gefin að sök í ákæru þykir rétt að ákærði greiði helming sakarkostnaðar en hinn helmingurinn falli á ríkissjóð.
43. Af hálfu ákæruvaldsins flutti málið Áslaug Benediktsdóttir saksóknarfulltrúi og af hálfu ákærða Stefán Þórarinn Ólafsson lögmaður, skipaður verjandi hans.

44. Þorsteinn Magnússon héraðsdómari kveður upp dóm þennan.

**Dómsorð:**

Ákærði, X, sæti fangelsi í 30 daga en fresta skal fullnustu refsingar og fellur hún niður að liðnum tveimur árum frá uppkvaðningu dómsins haldi ákærði almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Ákærði skal greiða 687.100 krónur í sakarkostnað til ríkissjóðs. Þar er innifalinn helmingur málsvarnarlauna skipaðs verjanda hans, Stefáns Þórarins Ólafssonar lögmanns, sem í heild nema 918.840 krónum, helmingur aksturskostnaðar sama lögmanns, sem í heild nemur 28.800 krónum, og helmingur annars sakarkostnaðar sem í heild nemur 426.560 krónum. Að öðru leyti greiðist sakarkostnaður úr ríkissjóði.

Þorsteinn Magnússon